



# ÍSLENSKI ALPAKLÚBBURINN

Nr. 28 – September 1984



## Fréttapistill

Hreinn Magnússon og Olgeir Sigmarsson fóru á Hraundranga um páskana. Fóru þeir eftir töluvert annarri leið en venjulega er farin. Það er, klifrið fór fram að mestu leyti Öxnadalsmegin á dranganum.

Snævarr Guðmundsson og Björgvin Ríkharðsson klifu Skarðshorn í Skarðsheiðinni sl. september. Var þar um að ræða klifur, sem telst a. m. k. V-gráðu (sjá nánar grein í þessu blaði).

Ólafur Baldursson, Jón Geirsson, Guðmundur Guðbjörnsson og Ævar Aðalsteinsson fóru á fjallamennskunamskeið í Austurríki. Eftir að því var lokið hugðust þeir skreppa á nokkra tinda.

Fyrst var fór þeirra heitið til Berrese-Alpanna þar sem Mitteleyi-hryggurinn á Eiger átti að verða fyrir barðinu á þeim, en veður hamlaði því.

Þá var haldið til Zerrmatt þar sem þeir ætluðu að reyna að komast á hið tígulega fjall, Weisshorn. Klifrið á Weisshorn (Gráða PD) gekk með ágætum og komust þeir félagar allir upp. Að síðustu lögðu þeir félagar leið sína á Mont Blanc eftir Gouter-leiðinni.

Jón Geirsson dvaldist lengur á Mont Blanc-svæðinu eftir að hinir héldu heim. Þar reyndi hann í fyrstu að klifa Chardonnet, eftir hrygg gráðuðum D. Var næstum kominn upp á topp þegar hann lenti í þrumuveðri og varð að snúa við. Jón, sem kleif sóló, varð að biða á sylu í 6 tíma áður en hann lagði af stað niður. Einnig fór Jón á Aiguilles du Plun

eftir hrygg frá du Midi. Að síðustu þá skrappt hann á Tour Ronte, og þann sama dag stutta kletta leið upp á du Midi.

Snemma í ágúst lögðu Anna Lára Friðriksdóttir, Torfi Hjaltason og Þorsteinn Guðjónsson för sína niður í Alpa ásamt Guðmundi Péturssyni sem kom litlu seinna.

Þau dvöldust allan tímann í Mekka fjallgöngumanna, Camonix í Mont Blanc-fjallgarðinum.

Tímanum var meðal annars eytt í að klifra fjöll. Farið var á norðurvegg Tour Ronde, 350 m -D gráðu ísbrekku. Mont DBlane du Takúl (4200 m). Torfi og Þorsteinn fóru Frenó Spur, D+ leið og bivökkuðu þeir á leiðinni. Anna Lára og Guðmundur fóru á sama tíma eftir hrygg á milli Aiguilles Du Midi og Aiguilles du Plans.

Að síðustu gerðu þau tilraun við Brenva-hrygginn á Mont Blanc sem mistókst sökum veðurs.

Önnu Láru, Torfa og Þorsteini tókst þó að fara þessa leið í annarri tilraun. Og má með sanni segja að þessi leið er stórskemmtileg og nánast ævintýrleg í lokin. Þar sem endirinn felst í því að klifra upp í jökulsprungu og síðan ganga upp úr henni og upp á Mont Blanc.

Jón Geirsson og Snævarr Guðmundsson reyndu við nýja stórglæsilega leið á Skarðatind (í Öræfum), um páskana. Tókst þeim ekki að komast upp, en áttu u. þ. b. 70 m eftir á toppinn. Leið þessi á Skarðatind er á austurveggnum og er u. þ. b. 600 m há. (Sjá myndaopnu).

**MYNDAOPNAN:**



Skarða-tindur Paskar '84.

Ljósni. Sneevartur Guðmundsson og Jón Geirsson.



